

Garðheimar Gróðurvörur ehf.  
Álfabakka 6  
109 Reykjavík

Selfossi, 16. júlí 2025  
UOS2504305/K.S.G.

## Niðurstaða eftirlits – Tollafgreiðsla á plöntuverndarvörum 2024 - Málslok

Vísað er til bréfs dags. 16. maí 2025 þar sem Umhverfis- og orkustofnun óskaði eftir að Garðheimar Gróðurvörur ehf. gerði grein fyrir þeim plöntuverndarvörum sem fyrirtækið setti á markað á árinu 2024 með því að senda stofnuninni afrit af vörureikningum fyrir allar sendingar af plöntuverndarvörum sem tollafgreiddar voru á árinu 2024. Stofnunin hefur nú lokið úrvinnslu á innsendum gögnum.

Um umfang og niðurstöður eftirlitsins vísast til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Fyrirtækið hefur uppfyllt skyldur skv. 20. gr. efnalaga nr. 61/2013. Að framansögðu telst málinu lokið.

Upplýsingar um plöntuverndarvörur má finna á [heimasíðu](#) stofnunarinnar.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar Kristínar Silju Guðlaugsdóttur varðandi plöntuverndarvörur í síma 569-6000 eða gegnum netfangið [kristin.s.gudlaugsdottir@uos.is](mailto:kristin.s.gudlaugsdottir@uos.is) til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllst,

**Kristín Silja Guðlaugsdóttir**

Teymi efnamála

**Bergdís Björk Bæringsdóttir**

Teymi efnamála